

Fundargerð

158. stjórnarfundur 27. febrúar, 2025 kl. 12:00 Vesturborg og Teams

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Hrannar Már Hafberg og Ingibjörg Sigurðarsdóttir.

Fundarritari: Hjördís Sigursteinsdóttir

1. Fundargerðir síðustu funda
Fundargerðir síðustu funda samþykktar án mótmæla.
2. Af kjaramálum
Formaður upplýsti fundarmenn um stöðuna í kjaramálum FPR og óformlega beiðni þeirra um fjárhagsstuðnings ef til verkfalls kemur. Ákveðið var að bíða eftir atkvæðagreiðslu PFR um verkfall áður en ákvörðun um styrk yrði tekin.
3. Veikindafjarvistir og skráning
Formaður upplýsti fundarmenn um umræður á samráðsnefndarfundum um veikindafjarvistir og skráningu og samskipti launafulltrúa við félagsfólk. Mikilvægt er að árétta fyrir félagsfólki í kennslustöðum að skrá veikindi sín inni í kerfin eins og annað starfsfólk.
4. Fræðsla til félagsfólks
Nú hefur FHA fengið 0,1% frá KMR til sín sem áður fór til BHM. Þetta framlag ber að nota til fræðslu félagsfólks. Félagið mun skoða hvernig best er að verja þessum fjármunum og jafnvel í samráði við FH og FPR.
5. Önnur mál
Almenn umræða átti sér stað og fundi slitið 13:25